

# *SAG 3A050,- menningar og hugmyndasaga.*

**Áfangalýsing:** Í áfanganum eru raktir helstu þættirnir í hinni samfelldu sögu menningar og hugmynda á Vesturlöndum. Þar sem viðfangsefnið í heild sinni er umfangsmikið og margbrotið verða valin svið innan sögunnar og á þau lögð sérstök áhersla. Þessi svið eru:

Í fyrsta lagi **klassísk menning Grikkja og Rómverja**  
Í öðru lagi **miðaldamenning og kristindómur**  
Í þriðja lagi **endurreisn og upplýsing**  
Í fjórða lagi **nútímamenning.**

Á vorönn 2013 verður nýjum þætti bætt inn þ.e. ágrípi af listasögu Vesturlanda. Útlínur þessarar sögu frá Grikkjum fram til okkar daga verður rakin og nemendur vinna verkefni sem tengjast einhverju listasviði,- bókmenntum(- leiklist), tónlist eða myndlist.

## Námsefni:

1. Til kaups: *Þættir úr manningarsögu.* Nýja Bókarfélagið 2004.

2. Gagnlegar bækur:

1. *Fornöldin í nútímanum* . Smáhefti frá Nýja bókafélaginu.
2. *Upplýsingin*. Smáhefti frá Nýja bókafélaginu.
3. *Fornir tímar,- saga mannkyns fram um 1800.* Mál og menning.
4. *Nýir tímar,- saga mannkyns eftir 1800.* Mál og menning
5. *Saga heimspekinnar* eftir Bryan Magee.
6. *Kristnisaga Íslands I-IV* í ritstjórn Hjalta Hugasonar.
7. *Upplýsingin á Íslandi* eftir Loft Guttormsson.
8. *Öld öfganna* eftir Eric Hobsbawn..
9. *Saga listarinnar* eftir E.H Gombrich
10. *Listasaga Fjölva.*

3. Frá kennara: *Glósur, áherslur, verkefni.*

4. Veraldarvefurinn.

**Starfsáætlun:** Með tvenniskonar hætti verður útfærsla áfangans öðruvísi en tíðkast hefur í fyrri söguáfönugum. Í fyrsta lagi verður vægi vinnu á önninni 60% og í öðru lagi verður einum þriðja hluta tímanna í stundaskrá varið í verkefnavinnu. Strax í fyrstu viku byrja því nemendur að leggja grunn að þeirri einkunn sem þeir fá í lok áfangans. Verkefni áfangans skiptast í fjóra meginflokka:

- a: Fimm Moodle-verkefni sem dreifast jafnt á önnina.**
- b: Heimildaritgerð sem tengist efni áfangans.**
- c: Fyrirlestur/myndband sem tengist menningarsögu.**
- d: Fyrirlestur/myndband sem tengist listasögu.**

Moodle-verkefninog ritgerðin eru einstaklingsverkefni en fyrirlestrarnir og myndböndin eru unnin í þriggja manna hópum.

Gert er ráð fyrir að í áfanganum verði sýndar tvær leiknar kvikmyndir með skýra menningarsögulega tengingu. Myndirnar eru *Il noma della Rosa* og *Amistad*.

Fyrstu fjórar vikur áfangans byggja að mestu leyti á framlagi kennara,- í fimmtu viku verður sýnd myndin *Il noma della Rosa* og þaðan í frá verður framlag nemenda,- einkum fyrirlestrar og myndbönd, ráðandi í kennslustundum áfangans.

Með hefðbundnum fyrirvara má gera ráð fyrir að vikum annarinnar verði varið með eftirfarandi hætti:

1. **vika. 4. - 8. feb. *Almenn kynning og skipulag áfangans.*** Hópaskipting, dagsetningar, ferðaundirbúningur o.fl.
2. **vika. 11. - 15 feb. *Upphafid, stóra sagan, klassísk menning.*** Lesefni: Þættir úr menningarsögu bls. 7 – 57. Fornöldin í nútímanum, Fornir tímar, Íslands- og mannkynssaga I, Saga heimspekinnar, glósur frá kennara.
3. **vika. 18. - 22. feb. *Ágrip af listasögu Vesturlanda.*** Lesefni: Þættir úr menningarsögu. Saga listarinnar e. Gombrich, Listasaga Fjölva. Nemendur skila **fyrsta Moodle-verkefni.**
4. **vika. 25. feb. - 1. mars. *Kirkjan á miðöldum,- íslenskar miðaldir.*** Lesefni: Þættir úr menningarsögu bls. 57 – 95. Fornir tímar, Íslands-og mannkynssaga I, Kristnisaga Íslands I-IV, glósur frá kennara.
5. **vika. 4. - 8. mars. *Il noma della Rosa.*** Kvikmynd. Nemendur skila **öðru Moodle-verkefni**
6. **vika 11. - 15. mars. *Fyrirlestrar/myndbönd nemenda.*** Menningarsaga.
7. **vika 18. \_ 22. mars . *Fyrirlestrar/myndbönd nemenda.*** Menningarsaga .
8. **vika. 3. - 5. apríl. *Upplýsingin.*** Innlögn kennara. esefni: Þættir úr menningarsögu bls.97 – 152. Upplýsingin, Upplýsingin á Íslandi, Fornir tímar, glósur frá kennara. Nemendur skila **þriðja Moodle-verkefni**

9. vika. 8. - 12 apríl. **Amistad.** Kvikmynd.
10. vika. 15. - 19. apríl. **Fyrirlestur/myndband.** Listasaga.
11. vika. 22. - 26. apríl. **Fyrirlestur/myndband.** Listasaga. Nemendur skila fjórða Moodle verkefni.
12. vika. 29. apríl – 3. maí. **Nútíamening.** Umfjallanir nemenda það sem eftir liggur og útaf stendur.
13. vika. 6. - 10. maí. **Stutt um listir samtímans.** Nemendur skila fimmta Moodle-verkefni. **Ritgerðarskil 9.12.**
14. - 15. vika. 13. - 24. maí. Eftirlegukindur, uppsóp og undirbúningur prófs.

**Lokapróf verður væntanlega haldið um mánaðamót maí- júní.**

**Námsmat:** Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að vinna á önninni gildi 60% af lokaekunn. Vægi einstakra þátta er sem hér segir: **Ritgerðin** gildir 20%, **fyrirlestrar/myndbönd** gilda 20% og **Moodle** verkefni 20%. Lokaprófið gildir þá 40% af einkunn. Á lokaprófi þurfa nemendur að ná 45% til að fá áfangann metinn.

Með von um gott samstarf og fyrirvara um breytingar:

**Björn Vigfússon.**